

25.5.11
Efnh-og skn.

Alþingi
Erindi nr. þ 139/2793
komudagur 25.5.2011

From: thordur.reynisson@idn.stjr.is [mailto:thordur.reynisson@idn.stjr.is]

Sent: 25. maí 2011 15:26

To: Eiríkur Áki Eggertsson

Cc: guðrun.thorleifsdottir@fjr.stjr.is; marianna.jonasdottir@fjr.stjr.is

Subject: Re: Efnahags- og skattanefnd - afgreiðsla mála

701. og 702. mál

Sæll.

Hér að neðan eru svör við spurningum þínum við kolvetnisskattafrumvörpin. Ég er enn að vinna svar við spurningunni um skattskylda aðilla, þ.e. 1. spurningunni. RSK hefur ekki haft ráðrúm til að fara yfir þær, er í lagi að ég sendi þér þær upplýsingar á morgun?

Kveðja,
Þórður

Í ákvæðum frumvarpsins er aðeins talað um ráðherra.

- Hvaða ráðherra fer með framkvæmd málaflokksins og eiga borgararnir ekki rétt á að vita það
- Í núgildandi lögum er talað um fjármálaráðherra
- Í 3. mgr. 21. gr. frumvarpsins er þó talað um fjármálaráðherra

Fjármálaráðherra fer með framkvæmd málaflokksins. Það er hins vegar vísvitandi talað um ráðherra í stað fjármálaráðherra og er það í samræmi við tilmæli sem við fengum frá forsætisráðuneytinu. Helgast það af því að ef það á að færa málaflokkinn undir annan ráðherra þurfi ekki að breyta þessum lögum. Því væri e.t.v réttara að tala um ráðherra í stað fjármálaráðherra í 3. mgr. 21. gr. frumvarpsins.

Athugasemd við 16. gr.

- Athuga orðalagið „ef við á“ – umrætt orðalag er ekki að finna í samsvarandi ákvæði núgildandi laga, hvers vegna var þessu breytt?
- Er orðalagsbreytingin tilkomin vegna erfiðleika við að ákvarða skattskylda aðila?

Orðalagið "ef við á" er notað því líklega (og vonandi) verða þessir aðilar eingöngu í leyfisskyldri starfsemi. Hér er ekki um neina efnisbreytingu að ræða og hún er ekki tilkomin vegna erfiðleika við að ákvarða skattskylda aðila.

Athugasemd við 16, 17. og 18. gr.

- Athuga orðalagið „skattskyldir aðilar“ – hvers vegna er ekki notað orðið „leyfishafar“ eins og í núgildandi lögum?
- Er orðalagsbreytingin tilkomin vegna erfiðleika við að ákvarða skattskylda aðila?

Þar sem frumvarpið miðar við að skattskyldir aðilar getir einhverjum kringumstæðum verið aðrir en leyfishafar leggur ráðuneytið til að „skattskyldir aðilar“ verði notað í stað

„leyfishafa“. Orðalagsbreytingin er ekki tilkomin vegna erfiðleika við að ákvarða skattskylda aðila.

Athugasemd við 19. gr.

- Athuga hvort ekki megi fella ákvæðið brott – hver er sjálfstæð þýðing þess?

Ekki er um efnisbreyting að ræða heldur er með greininni er verið að áréttta afmörkun á skattskyldu aðila.

Athugasemd við 3. mgr. 21. gr.

- Athuga hvort ekki sé rétt að vald ráðherra til að krefjast tryggingar sæti takmörkun með hliðsjón af 5. mgr. 7. gr. frumvarpsins

Þetta heimildarákvæði er ákveðin öryggisventill sem ráðuneytið telur æskilegt að hægt verði að grípa til undir viðeigandi aðstæðum. Framleiðslugjaldið getur veitt tryggingu fyrir heimtu ákveðins hluta væntanlegra skatteigna ríkisins. Hins vegar má benda á að skattfjárhæð framleiðslugjaldsins getur verið umtalsvert lægri heldur en skattfjárhæð sérstaks kolvetnisskatts ef mikil olía finnst og vinnsla gengur vel.

Athugasemd 3. gr. (mál nr. 701).

- Er þessi breyting af almennum toga og óháð skattlagningu kolvetnisvinnslu?

Þessi grein er af almennum toga. Hins vegar er verið að binda í lög viðtekna venju sem hefur gilt í þessum efnum og leiðir af 31. gr. tekjuskattslaganna.

Er í frumvörpunum að finna breytingar sem eru af almennum toga en eru ekki beinlínis einskorðaðar við kolvetnisvinnslu?

Þær breytingarnar sem gætu haft áhrif á aðra aðila eru í b. lið 2. gr. og tilvitnuð 3. gr. í bandorminum (mál nr. 701). Með breytingatillögum í b. lið 2. gr. er verið að afmarka landfræðilegt gildissvið tekjuskattslaganna. Mjög mikilvægt er að þau nái til kolvetnisstarfseminnar og tilgangur þessa ákvæðis er að tryggja það.